



Hafnir NORÐURLJÓSA gjaldskrá 2012

1. KAFLI

Gildissvið

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir hafnir Norðurljósa, þ.e. Húsavíkurböfn, Raufarhafnarhöfn og Kópaskershöfn og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

II. KAFLI

Um hafnagjöld

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttóntonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestagjöld

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 15,- á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 8,- á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 26 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 90,- á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 9.990,- á mánuði. Bátar minni en 20 BT greiði þó aldrei lægra en kr. 6.060,- á mánuði. Af bát í uppistöðu greiðast kr. 2.840,- á mánuði.

Skip samkvæmt 2. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Heimilt er að leggja allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffæris skirteinis í a.m.k. 3 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem eru í langtíma viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar þ.e.a.s. bátar og skip sem ekki skila afla- eða farþegagjaldi til hafnarinnar.

Vörugjöld

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan marka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.



8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar að vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vöru í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3. flokk a) sbr. 12.gr.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a) Umbúðir sem endursendar eru.
- b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d) Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd með umbúðum eða verðmæti, af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu, ósundurliðað, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 275,- fyrir hvert tonn:

Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.

2. fl.: Gjald kr. 520,- fyrir hvert tonn:

Lýsi og fiskimjöl.

3. fl.: Gjald kr. 550,-fyrir hvert tonn:

a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda

b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar,



sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.

c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd. Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,60%:

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum aflu frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd.

Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan aflu mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og aflu er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Um aflagjald af grásleppuhrognum gildir sama regla og með landaðan bolfisk og skal útgerðarmaður eða verkandi skila til hafnaryfirvalda skýrslum um heildar verðmæti hrognana. Verði þeim ekki skilað munu hafnaryfirvöld ná í þær tölur inn á vefsíðu Fiskistofu sem vigtarmenn hafa aðgang að.

13. gr.

Af gjöldum þeim sem þessi gjaldskrá tekur til og reiknuð eru út frá mælieiningu skv. 2. gr. skal veita 17% afslátt vegna olíuflutningaskipa sem geta flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum.

Skilyrði þess að veita afslátt skv. 1. mgr. er að sýnt sé fram á að olíuflutningaskip geti flutt aðgreinda sjókjölfestu í sérhönnuðum geymum í samræmi við 13. reglu alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá skipum frá 1973 ásamt bókun frá 1978 (MARPOL 73/78).

Þessar upplýsingar þurfa að koma fram:

a) í athugasemdareitnum á alþjóðamælibréfinu sem tilgreint er í 2. gr. gjaldskrár þessarar, og

b) undir lið 5.2 í fylgiskjali, af gerð B, við alþjóðamengunarvarnarskrteinið (IOPP-skrteinið), sem gefið er út samkvæmt ákvæðum MARPOL 73/78.

Vogargjöld

14. gr.

Vigtun landaðs sjávarafla, hvert byrjað tonn	kr. 170.-
Önnur vigtun	kr. 220.-
Sé farmur 1.000 tonn eða meira er gjaldið (Salt)	kr. 110.-
Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun sjávarafla að 10. Tonnum	kr. 1.175.-
Vigtun ökutækja vagna of fl.	kr. 1.950.-

Á vigtun sem fram fer í samfelldri vinnulotu á tímabilinu kl. 17:00 – 08:00 á virkum dögum bætist við yfirvinna vigtarmanns sem deilist niður á notendur.



Útkallsvigtun kr. 19.100.-
Ef vigtað er utan daglegs opnunartíma hafnarvogar greiðir sá sem vigtað er fyrir útkall skv. gjaldskrá. Sé vigtað fyrir fleiri í sama útkalli deilist kostnaður á notendur. Tvöfalt gjald er tekið á Stórhátiðardögum.

Vatnsgjöld

15. gr.

Vatn afgreitt frá bryggju;

- vatnsgjald pr. tonn kr. 290,-
- lágmarksgjald kr. 3200,-

Vatnsgjald

- skemmtibátar að 10 BT kr. 385,-
- bátar að 10 BT kr. 1.470,-
- bátar 10-50 BT kr. 2.210,-
- skip yfir 50 BT kr. 2.980,-

Sorpgjöld

16. gr.

Hver einstök losun;

- lágmarksgjald kr. 7.140,-

Sorpgjald heimabáta og skipa (fyrir hvern mánuð á sjó);

- skemmtibátar að 10 BT kr. 645,-
- bátar að 10 BT kr. 2.450,-
- bátar 10-50 BT kr. 3.720,-
- skip yfir 50 BT kr. 6.120,-

Rafmagnssala

17. gr.

Rafmagnssala

- rafmagnssala pr. kwst. kr. 15.-

Lágmarksgjald vegna hleðslutækja og smá rafmagnstækja er kr. 500,- fyrir hvert skipti.

Lágmarksgjald vegna mælalausra minni báta er kr. 650,- fyrir hvert skipti.

Rafmagnsverð tekur breytingum samkvæmt breytingum á gjaldskrá RARIK

Hafnsögugjöld

18. gr.

Gjald pr. BT kr. 10,-
Fastagjald fyrir hvert skip kr. 2.960,-
Flutningur hafnsögumanns kr. 23.500,-

Móttaka skipa

19. gr.

Festargjald pr. mann í dagvinnu kr. 11.805,-
Festargjald pr. mann í yfirvinnu kr. 19.100,-
Hafnsögugjald og festargjald greiðist bæði við komu og brottför skipa.



Leigugjöld

20. gr.

Hafnarbakkaleiga, pr. m2 (mánaðargjald) kr. 80,-
Leiga fyrir 20 feta gám (mánaðargjald)..... kr. 2.235,-
Leiga fyrir 40 feta gám (mánaðargjald).....kr. 3.620,-
Gjald fyrir skammtímageymslu veiðarfæra og búnaðar á hafnarbökkum (frítt fyrstu fimm dagana) síðan pr. sólarhring, nema um annað sé samiðkr. 5.220,-.

Flotbryggjugjöld (mánaðargjöld)

21. gr.

Bátar að 10 BT..... kr. 9.160,-
Bátar 10 – 30 BT..... kr. 18.400,-
Bátar yfir 30 BT.....kr. 36.785,-

Flotbryggjugjald greiða þeir sem hafa aðstöðu við flotbryggju og koma gjöldin í stað lestar- og bryggjugjalda skv. 4. og 5. gr. gjaldskrárinnar.

Þeir aðilar sem hafa fast pláss á flotbryggjunum skulu greiða fullt mánaðargjald í lágmark 8 mánuði á ári til að halda plássinu. Þegar viðkomandi er ekki að nýta plássið hafa hafnaryfirvöld fullan ráðstöfunarrétt á plássi viðkomandi.

Farþegagjöld

22. gr.

Farþegagjald..... kr. 148,-

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Heimilt er þeim sem stunda reglubundna farþegaflutninga að skila þeim upplýsingum mánaðarlega. Skal upplýsingum þá skilað eigi síðar en 5. hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

Hafnarverndargjald

23. gr.

Komugjald vegna hafnarverndar (fyrir hverja komu)..... kr. 45.700,-
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu..... kr. 4.455,- pr. klst.
Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í næturvinnu.....kr. 7.150,- pr. klst.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

25. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.



skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins. Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu.

Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

27. gr.

Á öll verð skv. verðskrá þessari er lagður 25,5% virðisaukaskattur sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

28. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

IV. KAFLI

Gildistaka

Gjaldskrá þessi fyrir hafnir Norðurþings er samþykkt af Framkvæmda- og hafnarnefnd Norðurþings 2. desember 2011, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin gildir frá 1. janúar 2012 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá hafna Norðurþings frá því í janúar 2011.

Húsavík 20. desember 2011
Hafnarstjóri Norðurþings

Tryggvi Jóhannsson

